

Upplýsingar fyrir frambjóðendur í prófkjöri/forvali vegna sveitarstjórnarkosninga 2010

Ríkisendurskoðun vekur athygli frambjóðenda í prófkjöri/forvali vegna sveitarstjórnarkosninga 2010 á skyldum þeirra samkvæmt lögum um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra nr. 162/2006.

Samkvæmt 10. gr. laganna skulu frambjóðendur sem hafa meiri kostnað af kosningabaráttu en **300 þús.kr.** skila sérstöku uppgjöri fyrir kosningabaráttuna staðfestu af endurskoðanda. Uppgjörinu skal skila Ríkisendurskoðun eigi síðar en 6 mánuðum frá því að kosningar fóru fram, sbr. 11. gr. laganna. Fari kostnaður frambjóðanda af kosningabaráttu ekki fram úr **300 þús.kr.** skal hann einungis skila skriflegri yfirlýsingu þar um fyrir sama tímamark og að framan greinir.

Samkvæmt 7. gr. laganna má heildarkostnaður af kosningabaráttu frambjóðanda í prófkjörum ekki vera hærrí en sem nemur 1 m.kr. að viðbættu álagi sem hér segir:

- Á kjörsvæði með fleiri en 50.000 íbúa 18 ára og eldri má kostnaður nema 75 kr. á hvern íbúa til viðbótar við fyrrnefnt hámark.
- Á kjörsvæði með 40.000–49.999 íbúa 18 ára og eldri má kostnaður nema 100 kr. á hvern íbúa til viðbótar við fyrrnefnt hámark.
- Á kjörsvæði með 20.000–39.999 íbúa 18 ára og eldri má kostnaður nema 125 kr. á hvern íbúa til viðbótar við fyrrnefnt hámark.
- Á kjörsvæði með 10.000–19.999 íbúa 18 ára og eldri má kostnaður nema 150 kr. á hvern íbúa til viðbótar við fyrrnefnt hámark.
- Á kjörsvæði með færri en 10.000 íbúa 18 ára og eldri má kostnaður nema 175 kr. á hvern íbúa til viðbótar við fyrrnefnt hámark.

Við útreikning á álagi samkvæmt 7. gr. skal miða við íbúafjölda á kjörsvæðinu 1. desember næst á undan prófkjörstegi.

Þá skal vakin athygli á því að frambjóðendum er skv. 7. gr. óheimilt að taka á móti hærrí framlögum frá einstaklingum og lögaðilum en sem nemur **300 þús.kr.** á ári.

Í samræmi við fyrirmæli 1. mgr. 10. gr. laganna hefur Ríkisendurskoðun gefið út reglur og leiðbeiningar um uppgjör fyrir kosningabaráttuna og upplýsingaskyldu um uppgjörið.

Lögin, reglurnar og ýmsar aðrar upplýsingar er varða fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda er að finna á heimasíðu stofnunarinnar, www.rikisend.is.

Í samræmi við fyrirmæli laganna mun stofnunin birta úrdrátt á heimasíðu sinni úr uppgjörum frambjóðenda, m.a. um heildartekjur, flokkaðar eftir framlögum frá lögaðilum, einstaklingum og eiginframlögum. Þá munu heildarútgjöld frambjóðanda við kosningabaráttuna einnig verða birt.

Ríkisendurskoðun hvetur frambjóðendur til þess að kynna sér framangreind gögn gaumgæfilega og senda stofnuninni umrætt uppgjör eða eftir atvikum yfirlýsingu áður en 6 mánuðir eru liðnir frá kjörstegi, þ.e.a.s. eigi síðar en 29. nóvember 2010. Að öðru leyti er vísað til fyrrnefndra laga nr. 162/2006, reglna og leiðbeininga Ríkisendurskoðunar.